



	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun ENSK1GR05 vorönn 2017	
Síða 1 í 2		

Kennari: Tinna Steindórsdóttir	Netfang: tinna@fva.is
--	---------------------------------

Námsgögn: Vinnuhefti Vinumappa The Beach (Level 6 – Pearson English Readers)
--

Lýsing: Kennsla fer að einhverju leyti fram á ensku. Nemendur vinna verkefni í kennslustundum og heima, ýmist hver í sínu lagi eða með öðrum. Farið verður markvisst í málfræði og uppbyggingu enska tungumálsins og nemendur þjálfast í töluðu sem og rituðu máli. Smásögur verða ræddar í tímum og verkefni þeim tengd unnin. Nemendur lesa skáldsögu og vinna verkefni upp úr henni. Nemendur taka munnlegt próf. Nemendur taka 2-3 kaflapróf á önninni.

Markmið (þekking, leikni, hæfni): Kröfur áfangans samsvara hæfnisprepi B1 í Evrópska tungumálarammanum. Í áfanganum er lögð áhersla á að þjálfna grunnþætti tungumálanáms, þ.e. lestur, tal, ritun og hlustun. Nemendur skulu hafa aflað sér þekkingar og tileinkað sér eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> • Helstu málfræðihugtök og setningaskipan ensku. • Aukin skilning á lengri og flóknari textum á ensku. • Færni í að tala og rita samfelld mál. Nemendur skulu hafa öðlast leikni í að lesa nokkuð fjölbreytta texta og tjá lesskilning og ýmis atriði þeim tengdum. Nemendur þjálfast í að byggja upp samfelld ritað mál og röklegt samhengi. Nemendur þjálfast frekar í málfræði og málfræðihugtökum og beitingu ýmissa málfræðireglna í rituðu máli og töluðu. Nemendur skulu geta notfært sér þá þekkingu og leikni sem þeir afla sér til að túlka megininnihald lesinna texta; tekið þátt í umræðum og fært rök fyrir máli sínu í ræðu og riti. Nemendur skulu geta hagnýtt sér þekkingu sína og leikni til skilnings á daglegu máli og almennum textum á markmálinu.
--

Síða 2 í 2	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun ENSK1GR05 vorönn 2017	

Námsmat:

Skriflegt próf í lok annar 25%
Hlutapróf: 18%
Munnlegt próf: 12%
Ritunarverkefni: 10%
Kjörbók: 10%
Vinnumappa: 15%
Ástundun og virkni í tímum: 10%

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Á vorönn 2017 er áfanginn í E stokki sem þýðir að fram til 8.mars er áfanginn kenndur 4 tíma á viku en upp frá því 3 tíma á viku. Áfanginn telur engu að síður 5 einingar og verður yfirferð námsefnis í samræmi við það – námsefni verður ekki skorið niður heldur er gerð krafa um aukna heimavinnu nemenda.

Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum á INNU. Nemendum með frávík frá skólasóknarreglu og árekstrarheimild er sérstaklega bent á þetta – sömu dagsetningar gilda fyrir alla nemendur.

Nemendur skulu virða skilafresti verkefna. Aldrei er hægt að skila verkefnum til kennara eftir að aðrir nemendur hafa fengið þau til baka. Ekki er hægt að vinna upp verkefni annarinnar í annarlök.

Sjúkrapróf eru aðeins í boði fyrir þá sem eru löglega afsakaðir (tilkynnt og skráð veikindi/leyfi í INNU). Nemandi ber að hafa samband við kennara hið fyrsta til þess að fá upplýsingar um sjúkraprófið. Hafi nemandi ekki samband er litið svo á að hann ætli sér ekki að taka prófið og skráist þá einkunnin 0.

Tölvur og símar eru einungis leyfð í kennslustundum til að leysa verkefni og skulu ekki sjást uppi á borðum ef ekki er verið að nota þau til slíks. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búið við að fá fjarvistarstig. **Sjá nánar um notkun snjalltækja í skólanámsskrá FVA.**

Nemendur eiga ekki að rápa inn og út úr kennslustundum. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búið við að fá fjarvistarstig.

Sé nemandi ítrekað með óútskýrðar fjarvistir og sinni nemandi ekki viðvörðunum um að bæta lélega mætingu, áskilur kennari sér rétt til þess að fella nemandann. Lægri en 90% raunmæting getur leitt til falls í áfanganum.

Við ítrekuð brot á einhverju af ofangreindu áskilur kennari sér rétt til þess að fella nemandann

Nemendum er velkomið að hafa samband við kennara hvenær sem er ef eitthvað er óljóst varðandi fyrirkomulag áfangans, verkefnavinnu o.s.frv. Öllum pósti er svarað. Viðtalstímar eru eftir samkomulagi.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.